

Innviðaráðuneyti
Sölvhólsgötu 7
101 Reykjavík

sent í gegnum samráðsgátt

Reykjavík, 29. Mars 2023

Umsögn Landverndar um vegvísi að vistvænum samgöngum, mál 74/2023

Stjórn Landverndar hefur kynnt sér áform um vegvísi að vistvænum samgöngum og fagnar því að hann er fram komin og hver vel hann er úr garði gerður. Ávinningur af vistvænni samgöngu getur orðið margþættur og er minni losun gróðurhúsalofttegunda aðeins ein, en afar mikilvæg, hlið málsins.

Stjórnin vill gera eftirfarandi athugasemdir við framkomna lýsingu á verkefninu í samráðsgátt.

Aðkoma almennings

Allur almenningur nýtir samgöngur og tryggja verður að eins góð sátt og hægt er ríki um þær leiðir sem farið verður til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda frá samgöngum. Það varðar bæði eflingu fjölbreyttra ferðamáta og umgjörð fjárhagslegra hvata til þess að flýta fyrir rafvæðingu samgöngutækja. Almennings og samtök hans hafa ekki bara rétt til að taka þátt í ákvarðanatöku skv. Árósasáttmálanum heldur eru sjónarmið hans þegar á fyrstu stigum forsenda þess að ákvarðanatökan sé upplýst og að mikilvæg sjónarmið og gögn komi fram strax í byrjun vinnunnar. Það eru því mikil vonbrigði að umhverfisverndarsamtök séu ekki nefnd sem samráðsaðili í kafla 4 í máli sem varðar umhverfi og náttúru eins ríkulega og fram kemur í kafla 1. Stjórn Landverndar vonar að um handvöm sé að ræða og hvetur Innviðaráðuneytið til að leiðrétta það sem samtökin líta á sem mistök.

Umhverfisverndarsamtök hafa um langt ára bil haldið á lofti þeim sjónarmiðum sem fram koma verkefnalýsingunni. Þannig lagði Landvernd fram heilstæða tillögu að aðgerðaáætlun til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi árið 2006. Samtökin, sem tæplega 6.000 Íslendingar eiga aðild að, búa því yfir víðtækir þekkingu á viðfangsefninu. Stjórn Landverndar telur því afar brýnt að umhverfisverndarsamtök fái að tilnefna aðila í stýrihóp til að tryggja að sú reynsla og þekking sem umhverfisverndarsamtök búa yfir komi að góðu gangi við þetta mikilvæga verkefni.

Fjölbreyttur ferðamáti

Í kafla 2 kemur fram að breyttar ferðavenjur sé hluti af nauðsynlegum aðgerðum til þess að ná samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda. Að mati Landverndar kemur ekki nógu skýrt fram í kafla 3 að vegvísir að vistvænum samgöngum eigi að fjalla um fjölbreyttan ferðamáta. Að mati Landverndar er gríðarlega mikilvægt að skýrt verði í upphafi að fjölbreyttur ferðamáti er grundvöllur þess að árangur náist í samdrætti í losun frá samgöngum. Landvernd hvetur innviðaráðuneytið til að bæta úr þessu.

Mannvirki

Landvernd fagnar því sérstaklega að skoða á samgöngur og samgöngumannvirki, því þau valda einnig mikilli losun gróðurhúsalofttegunda. Landvernd telur einnig nauðsynlegt að skoða tap á líffræðilegri fjölbreytni eða að minnsta kosti breytingar á landnotkun við samgöngumannvirki og áhrif þeirra á bindingu/losun kolefnis vegna landnotkunar.

*Með vinsemd og virðingu,
f.h. stjórnar Landverndar*

Auður Önnu Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri